Garpar á ferð.

Formáli

Eftirfarandi er samantekt á undirbúningi og hjólferð undirritaðra Sveins og Guðbjarts frá Reykjavík til Ísafjarðar og Flateyrar 28. maí til 5. júní 2005. Stuðst er við efni af bloggsíðu ferðarinnar, úr dagbók, sem skrifuð var í ferðinni og minnisatriðum. Í fjölmörg ár höfum við haft það fyrir líkamsrækt að fara í hjól- eða göngutúra á þriðjudögum og fimmtudögum. Það var í einum slíkum hjóltúr einhverntíman í nóvember 2004 sem við ákváðum að hjóla til Ísafjarðar vorið eftir. Fyrstu hugmyndir gengu út á að hjóla frá Reykjavík til Ísafjarðar og Flateyrar og fara ,,Vestur fyrir" í stað þess að fara Djúpið. Eftir smá vangaveltur ákváðum við að fara beinustu leið vestur vegna þess hve erfitt er að taka mikið af sumarfríinu í svona ,,egótrip". Kannski förum við hina leiðina seinna, aldrei að vita.

Vonandi hafið þið gaman af ferðasögunni. Við höfðum að minnsta kosti mjög gaman af ferðinni.

Reykjavík 9. apríl 2006

Sveinn Guðmundsson Guðbjartur Sturluson

Undirbúningur

Það var í nóvember 2004 eins og fyrr sagði að við ákváðum að ,,skreppa" til Ísafjarðar og Flateyrar á hjólunum okkar og var stefnan sett á næstkomandi vor. Að vísu var þetta í hugum okkar meira en að skreppa því hvorugur okkar hafði áður farið í tveggja daga hjólferð og hvað þá 6-8 daga eins og við reiknuðum með að ferðin tæki. Ástæðan fyrir því að hjóla þessa leið frekar en einhverja aðra var einfaldlega sú að ég er frá Ísafirði og Guðbjartur frá Flateyri. Við erum báðir fæddir á fyrri hluta síðustu aldar og þar sem við vissum ekki hvernig líkaminn myndi bregðast við þeim auknu æfingum sem framundan voru, ákváðum við að halda þessari ákvörðun fyrir okkur sjálfa. Hvernig myndi t.d. bakið, axlirnar, hnén eða önnur liðamót taka þessu álagi?. Við höfum nefnilega aldrei verið miklir ,,sportistar". Ef til vill myndum við þurfa að hætta við allt saman! Það var því best að bíða með yfirlýsingarnar þar til seinna. Þrátt fyrir það ákváðum við að láta konurnar vita af ákvörðun okkar en tókum af þeim loforð um að þær mættu alls engum segja frá þessu. Þær tóku þessu með sinni stóísku ró eins og við höfðum reiknað með. Að vísu varð maður var við augnagotur við og við eins og verið væri að athuga hvort það væri nú ekki örugglega allt í lagi með mann. En við héldum ótrauðir áfram.

Æfingaferð við Hafravatn

Við vissum lítið hvað við vorum að fara út í, annað en það að menn höfðu farið þetta áður og lifað það af. Svo höfðu aðrir unnið mun meiri hetjudáðir. Farið yfir Grænlandsjökul og á Suðurpólinn ofl. Í byrjun janúar hittum við þá Magnús

Björnsson og Skarphéðinn Óskarsson (makar vinkvenna Ásu) þar sem þeir voru að æfa sig á gönguskíðum á Rauðavatni. Þeir töluðu fjálglega um að þeir væru að fara í Vasagönguna (90km skíðaganga) og voru ekkert feimnir við að segja frá því. Það hjálpaði mikið að hitta svona hugrakka menn. Við vorum því nokkuð vissir um að við myndum klára þetta ef ekkert óvænt kæmi fyrir.

Við höfum báðir mjög gaman af allskonar græjum sem hafa komið að góðum notum á hjólunum sem og í ýmsum fjallaferðum. Við vonuðumst til að réttu græjurnar myndu hjálpa okkur að þjálfa okkur upp því við höfðum litla þekkingu á því sviði. Eftir miklar pælingar keyptum við Sigma púlsmæli og Garmin Forerunner 201 GPS tæki sem er sérstaklega hannað fyrir skokkara. Garmin tækið mælir m.a. vegalengdir, hraða, meðalhraða og hæðarpunkta með GPS tækninni. Þar sem ég var á leið til Miami í desember til að heimsækja Ásdísi dóttur mína en hún var að útskrifast sem rafmagnsverkfræðingur úr Miami Háskóla var því upplagt að kaupa græjurnar þar. Við fundum lítið af upplýsingum um þjálfun í hjólreiðum á bókasafninu og var því farið að leita að hjólabókum á Amazon.com. Þar leit best út "The Complete book of Long distance cycling" og svo dúkkaði upp ein sem hét " Cycling past 50" og var hún látin fljóta með í pöntuninni þar sem við vorum báðir komnir nokkuð þar yfir. Þessar bækur fjölluðu að mestu um hvernig ætti að ná úthaldi til að geta hjólað 100 mílur í blóðspreng á einum sunnudagseftirmiðdegi, á hjóli með örmjóum dekkjum og ennþá mjórri hnakki. Við urðum því hálf rasssárir bara af lestrinum. En bækurnar ásamt græjunum

Æfingaferð á Mosfellsheiði í maí

hjálpaðu okkur mikið við að skipuleggja æfingarnar sem miðuðust við að ná úthaldi og geta viðhaldið því í 6 til 8 daga.

Fjótlega í janúar kom í ljós að ég þurfti að lappa uppá hjólið mitt eða kaupa nýtt. Ég var á 10 ára gömlu Mongoose fjallahjóli sem var orðið æði slitið og Guðbjartur á 20 ára gömlum DBS. Hann vildi nú lengi framan af meina að það væri ótrúlega gott og fullfært í slaginn. Einhverra hluta vegna var ég orðinn mjög hrifinn af Cannondale hjólum. Líklega vegna þess að ég sá mikið af þeim í hjólabúðum í Miami. Þar sem ég var ekki tilbúinn til þess að borga það sem uppsett var fyrir slíkt hjól hér fór ég að skoða á eBay hvort ekki mætti finna góð notuð hjól þar. Fljótlega fann ég notað Cannondale F400 fjallahjól sem var staðsett í Utah og ákvað að bjóða í það til að prófa þessa innkaupatækni. Dollarinn var líka mjög hagstæður og fyrsta boð átti að vera 400 dollarar. Hingað komið yrði verðið uþb. 53.000 með VSK og öllu. Ég lét Ásdísi bjóða í það fyrir mig og fékk það á 410 dollara. Ég asnaðist að vísu til að láta senda það til þeirra í Miami og þaðan til Shop USA í Norfolk en hvað um það. Þetta reyndist hið besta hjól með 27 gírum og dempara að framan en það sem mér fannst skipta mestu máli var hversu létt það var og hversu létt var að hjóla á því. Þessi frægðarför mín á netinu varð til þess að Guðbjartur fór að leita og fann hann fljótlega flott Cannondale F800 Jekyl Lefty hjól sem var með dempurum bæði að framan og aftan. Hann ákvað að bjóða í það en ekki fyrr en á seinustu mínútunum þegar uppboðinu var að ljúka sem var á þriðjudegi kl. 21.30. Þann sama dag höfðum við skroppið í smá æfingarferð út á Seltjarnarnes og þurfti ég að koma við hjá tengdaforeldrum Ásdísar, vegna einhvers tölvumáls sem þurfti að redda. Að venju taka tölvumálin

Við Nesjavelli á nýja hjólinu

alltaf lengri tíma en maður reiknar með og þurftum við að hjóla í blóðspreng af Nesinu og heim til Guðbjarts. og rétt náðum heim til hans fyrir 21.30. Kveikt var á tölvunni og náði hann að gera tilboð rétt fyrir lokun og fékk hjólið á rúma 1000 dollara.

Við Nesjavelli á nýja hjólinu

Hjólið mitt fékk ég í byrjun apríl en Guðbjartur fékk sitt ekki fyrr en viku áður en við lögðum af stað.

Til þess að styrkja okkur andlega fyrir ferðina og fá móralskan stuðning sóttum við um inngöngu í Fjallahjólaklúbb Íslands og var það auðsótt. Þar hittum við margt ágætis fólk og fengum góðar leiðbeiningar. Fórum við þar m.a. á fræðsluerindi hjá æðstapresti íslenskra hjólamanna Magnúsi Bergs. Hann sagði að í löngum hjólaferðum væri mjög mikilvægt að nýta alla orku sem maður hefði meðferðis. Þannig nýtti hann t.d. soðið af kindabjúgunum í neskaffið og lagaði “bjúgnakaffi” en lét fylgja með að hann mælti ekki mæla sérstaklega með því.

Í lok apríl vorum við Guðbjartur búnir að hjóla uþb 1000km frá áramótum og vorum bara nokkuð ánægðir með okkur. Hvorki hafði þurft að skipta út liðum né limum á okkur á þeim tíma þannig að okkur fannst að þessir 500km til viðbótar ættu ekki að vera svo mikið mál. Við byrjuðum því að ía að fyrirætlunum okkar eftir páskana.

Æfingaprógrammið sem höfðum notað var að hjóla 25 til 40 km tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Alls ekki skemur en einn og hálfan tíma í hvert skipti og í hvaða veðri sem var. Leiðirnar sem við fórum oftast voru: Frá Vogahverfi rangsælis út í Gróttu, Skerjafjörðinn og Fossvoginn heim ca 25km. Frá Vogahverfi upp Elliðaárdalinn, Geitháls, Hagavatn, Mosfellsbær og með ströndinni heim ca 35

km. Stundum slógum við þessum tveim leiðum saman til að fá samanburð við væntanlegar dagleiðir.

Þetta voru góðar æfingar þar sem landið sem við fórum um var mishæðótt og mjög misvindasamt. Við pældum mikið í niðurstöðum púlsmælisins og hvernig við gætum notað niðurstöðurnar til að ná æfingu sem gæfi okkur úthald í 6 til 8 daga samfellda hjólferð. Eftir lestur bókanna góðu þá ákváðum við að láta púlsmælinn stýra hraðanum og álaginu á okkur í ferðinni. Ákváðum við að ef púlsmælirinn sýndi meira en 130 slög per mínútu þá yrði álagið minnkað með því að fara í lægri gír á hjólinu og fara hægar. Í æfingunum fórum við oftast í mun hærri púls og héldum við okkur oft í 145-150 slög per mín. Æfingarnar sýndu okkur líka að við þyrftum að huga vel að því hvernig staða okkar á hjólinu væri þ.e. staða hnakks og stýris. Til að forðast eymsli í handleggjum, herðum og baki þarf að huga vel að staðsetningu stýrisins og til að forðast eymsli í hnjám þarf staðsetning hnakksins sömuleiðis að vera rétt. Til að komast að því hver besta staðan á hjólinu er þarf að hjóla oft og lengi því eins og gefur að skilja skiptir mjög miklu máli í löngum hjólferðum að manni líði vel á hjólinu.

Leiðin sem við ákváðum að fara vestur var; **1. áfangi**; Langholts- og Vogahverfi, Hvalfjarðargöngin (ferjaðir þar í gegn) að Veitingastaðnum Baulunni. **2. áfangi**; Frá Baulunni yfir Bröttubrekku, um Dalina í Sælingsdal. **3. áfangi**; Frá Sælingsdal í Bjarkarlund. **4. áfangi**; Frá Bjarkarlundi yfir Þorskafjarðarheiði í Langadal (í sumarbústað Önnu Lóu og Gulla). **5. áfangi**; Frá Langadal yfir Hestakleifina að Skarðseyri í Skötufirði (í sumarbústað Þórdísar og Dúdda) **6. áfangi**; Frá Skarðseyri að Svarfhóli í Álftafirði (í sumarbústað Lilju og Braga) **7. áfangi**; Frá Svarfhóli til Ísafjarðar. **8. áfangi**; Frá Ísafirði til Flateyrar.

Yak vagninn frá Taiwan

Þó svo maður vilji helst hafa sem minnst af farangri í hjólferðum þá gefur það auga leið að í lengri ferðum verður ekki hjá því komist. Í samráði við félaga okkar í Fjallahjólaklúbbnum ákváðum við að vera með farangurinn í þar til gerðum vagni sem

er hengdur á afturöxulinn á hjólinu frekar en að vera með hann í töskum sem hengdar eru á sjálft hjólið. Við vorum lengi að velta því fyrir okkur að hafa allan farangurinn á einum vagni og skiptast á að draga hann en ákváðum eftir prófanir að vera með sinn hvorn vagninn. Annar vagninn var tekinn á leigu hjá Fjallahjólaklúbbnum og var framleiddur í Taiwan en hinn var framleiddur í snarhasti á Langholtsvegi 40 tveim dögum fyrir brottför. Mikil listasmíð a la Guðbjartur. Ekkert ,,spýta og spýta í kross", heldur alvöru með dempara og allt. Var vagninn mikið langskip enda kölluðum við hann ,,Orminn langa".

Ormurinn langi frá Langholtsvegi

Þegar allt var tiltekið reiknaðist okkur til að farangurinn væri 25-30kg á hvorum vagni. Þar til viðbótar eru hjólin 10-12kg hvort fyrir sig. Samtals þurftum við því að knýja 35-42kg plús okkar eigin þyngd. Við tókum með okkur allan viðlegubúnað tjald, svefnpoka, eldunargræjur og tvær forláta dýnur sem draga í sig loft þegar þeim er rúllað í sundur og svo auðvitað mat. Eins og oft áður var vandamálið hjá mér að velja fatnað til fararinnar og endaði það eins og venjulega að ég tók of mikið með mér.

Dæmi um æfingar og skráningu þeirra úr Sigma púlsmæli

Dags	Start tími	Train time	Meðaltals	Max	Kcal	H-z %	F-z %	P-z %	
				178		97 - 124	123 - 142	143 - 178	
27.1.2005	18:00	01:55:00	116	157	1342	35,0%	31,0%	10,0%	Hjóltúr með sjónum sundin, Eiðistorg-Elliðaárdalur uppað brú og heim
30.1.2005	11:22	02:14:00	112	179	1509	49,0%	21,0%	7,0%	Hjóltúr Kringum Úlfarsfell rangsælis
8.2.2005	18:43	01:00:00	132	160	806	5,0%	65,0%	24,0%	Gönguferð upp Elliðaárdal að efstu brú
30:4.2005	09:40	01:42:00	117	153	1207	69,0%	23,0%	1,0%	Réttsælis um Gróttu m. 30kg vagn
30:4:2005	11:23	00:25:00	77	90					Þetta endaði í 61km á 4klst og 20 mín.
5.5.2005	11:10	02:51:00	109	133	1870	77,0%	4,0%	0,0%	12,5 gr atenólól
10.5.2005	20:52	02:26:00	108	235	1591	34,0%	25,0%	3,0%	Ekki að marka max gildi 12,5 gr atenólól
11.5.2005	20:55	01:19:00	128	153	1014	33,0%	48,0%	16,0%	12,5 gr atenólól

Eftir að hafa notað Púlsmælinn og Forerunner 201 GPS búnaðinn í nokkrar vikur vorum við ekki alveg nógu ánægðir með útkomuna þar sem ekki var nein samtenging á milli upplýsinganna sem úr þeim komu. Við skráðum hjá okkur niðurstöður úr púlsmælinum eftir hverja æfingu en fannst vanta tengingu milli álags á hjartað og staðsetningar okkar á hverjum tíma. Við gátum t.d. ekki auðveldlega séð hvernig álagið var á hjartað þegar við fórum upp bratta brekku. Auðvitað var hægt að sjá þetta á meðan maður var í brekkunni en ekki er auðvelt að vera sífellt að glápa á púlsmælinn. Þar fyrir utan vorum við oft að hjóla á kvöldin í myrkri sem gerði að við sáum lítið sem ekkert á búnaðinn.

nner 301

Svo voru Sigma púlsmælarnir líka að pirra okkur. Sigma púlsmælirinn er í tveim hlutum sem eru hjartsláttarnemi og sjálfur mælirinn sem er eins og armbandsúr. Neminn sem er strengdur yfir brjóstkassann sendir merkið þráðlaust í púlsmælinn. Vandamálið er að ef tveir aðilar eru með samskonar Sigma púlsmæla, eins og við vorum með þá ruglast mótakan ef við stöndum eða hjólum í innan við 1-1,5m frá hvor öðrum. Við fengum þess vegna oft rangar upplýsingar út úr Sigma mælinum. Þetta sést t.d. á töflunni hér fyrir framan á æfingu frá 10.05.2005 þar sem mælirinn sýnir max hjartslátt sem 235 slög á mínútu.

Stuttu áður en við lögðum af stað fundum við á vefnum nýja útfærslu af Garmin, sem var Garmin Forerunner 301 sem var eins og sá sem við áttum að öðru leiti en því að Forerunner 301 var með innbyggðum púlsmæli. Púlsmælirinn í 301 er í tveim hlutum eins og Sigma mælirinn en er með kóðun á þráðlausu sendingunni. Það kemur í veg fyrir að merkin ruglist á milli mæla þótt menn standi eða hjóli nálægt hvor öðrum. Einnig fylgdi með forrit til að lesa upplýsingarnar úr tækinu inn í tölvu sem gerði að við gátum séð upplýsingar um vegalengd, hæð á veginum og hjartslátt allt á sama grafinu.

Við keyptum nýju græjurnar með aðstoð Ásdísar og Dodda kærasta hennar sem voru að koma frá USA og fengum við þær daginn áður en við lögðum af stað. Við vorum því lítið búnir að prófa þær áður en við fórum af stað.



Svona líta upplýsingarnar út úr Garmin Forerunner 301

Til að gefa ættingjum og vinum möguleika á að fylgjast með hvernig gengi hjá okkur í ferðinni og einnig til að sinna sýningarþörfinni var sett var upp bloggsíðan www.rekis.blogspot.com. Þar sem við áttum ekki von á að komast í tölvu til að skrá ferðina jafnóðum fékk ég lánaða Qtek handtölvu hjá Nýherja sem er með innbyggðum GSM síma, myndavél, ritvinnsluforriti “og det hele”. Þar sem við vorum komnir með svo mikið af búnaði sem þurfti stöðuga endurhleðslu pantaði Guðbjartur litla ferða sólarrafstöð (af vefnum) en hún kom því miður ekki í tæka

tíð. Við urðum því að treysta á hjálpsemi náungans til að hlaða græjurnar þ.e. Garmin Forerunner GPS tækin, GSM símana, handtölvuna, iPod'inn og myndavélina.

Við ákváðum að brottfarardagurinn yrði laugardaginn 28. maí og stefnt að því að vera komnir til Ísafjarðar föstudaginn 3. júní. Fara daginn eftir til Flateyrar og síðan heim með flugi á sunnudeginum 5. júní.

Ástæðan fyrir því að þessi dagur var valinn var að báðir þurftum við að fara til Englands í júní. Ég og Ása þann fjórtánda og Guðbjartur og Gerða þann nítjánda. Við í barnapössun hjá Þórdísi og Józep og Guðbjartur og Gerða til að vera viðstödd giftingu Helga sonar síns.

Á myndinni hér til vinstri sést margnefnd Ásdís ásamt Dodda sínum, Þórdísi systur og Ásu að fá sér ,,smárétti" í hádeginu í Miami.

Hálfum mánuði fyrir brottför fórum við báðir í rannsókn hjá Hjartavernd til þess að láta athuga hvort ekki væri ,,allt í lagi með okkur". Það var ekki að því að spyrja, við fengum ,,fulla skoðun". Ég hafði að vísu verið að gera tilraunir með að hætta að taka lyfið ,,Atenólól" sem ég hef tekið í langan tíma við háum blóðþrýstingi og hjartatruflunum. Atenólól virkar þannig að það hefur hamlandi áhrif á hjartað þar sem skilaboð til heilans um þörf á hraðari hjartslætti vegna aukins álags skila sér seint og illa. ,,Það er eins og þú sért alltaf með handbremsuna á" sagði læknirinn. Ég hafði tekið eftir því að ég var alltaf mjög lengi ,,í gang" og snerpa og úthald ekki eins og

vonast var eftir miðað við æfingar. Einnig hafði ég tekið eftir því að þegar ég gleymdi að taka lyfið var ég miklu sprækari en þegar ég tók það. Ég hafði því prófað að minnka skammtinn í smá tíma og síðan hætt alveg sem skilaði sér vel í æfingunum og var ég miklu sprækari. Fljótlega fór þó að bera á hjartsláttartruflunum að nýju sem gerði að ég fór að taka lyfið aftur tveim dögum fyrir ferðina. Var ég með bölvaðar hjartasláttartruflanir fyrstu tvo daga ferðarinnar sem löguðust svo aftur þegar töflurnar fóru að virka en úthaldið minnkaði að sama skapi.

Vikuna áður en við lögðum í hann æfðum við lítið. Vorum við fyrir löngu orðnir hundleiðir á því og vildum fara að komast af stað.



Hér sést leiðin sem við hjóluðum vestur. Brúnu punktarnir sýna áningarstaðina.

Garpar á ferð

Á reiðhjóli frá Reykjavik til Ísafjarðar og Flateyrar 28 maí til 5 júní 2005

Minnislistinn yfir búnað sem þurfti að taka með var æði langur og þegar allt var til tekið þá fannst okkur hrúgan ansi stór. Það verður þó að taka fram að við vorum bara með eitt tjald, eldunarbúnað oþh.:

Grunnbúnaður
1 Tjald, hæla, súlur)
1 Svefnpoka, kodda
1 microfleese náttföt
1 Dýna
1 Prímus Gas , 2 gaskútar
1 Pottasett , hnífapör
1 Hitabrúsa
3 Vatnsbrúsar
1 Brauð, Flatbrauð
4 – 6 pakkar þurrmatur
5 pakka núðlur
5 Bollasúpur
1 Smjör, dós (í PeterPan plastdós)
1 dós PeterPan Hnetusmjör
1 Kaffi, dós (í PeterPan plastdós)
1 Kako, dós (í PeterPan plastdós)
1 Kexpakki
1 Orkuköku/nurl (súkkulaði, hnetur, rúsínur)
Feitmeti (soðin og reykt bjúgu)
1 Verkfærasett (eða aðeins passandi lykla og sexkanta)
1 Stóran sexkant fyrir sveifar (ef þær skyldu losna)
1 Bremsupúðasett
1 Slöngu (þú bætir ekki slöngu í ausandi rigningu)
1 Bætur (þú bætir svo slönguna á þurrum stað)
1 Teinalykil
1 Pumpu (hafðu hana á tryggum stað)
Varakeðjuhlekki (svona 5-8 hlekki)
Varakeðja
4 Varaskrúfur
1 Gírvír
1 Bremsuvír
1 Goretexúlpa
1 Goretexbuxur
1 Buxur

1 Góður jakki
1 síðar lycra buxur
Nærbuxur
1 sundskýlu
3 Sokkapör
1 Ullasokka (gott að sofa í þeim)
2 Stuttbuxur með rassbót
1 Bol/peysu m. ermum
1 Hjólaskór
1 Grifflur
1 Vettlinga
1 Stýrishanskar
1 Trefill – Buff hálsklútur
1 Húfu. (sofðu með hana á höfðinu,)
1 Handklæði (Ath. Bómullarbleyju, þornar fyrr!)
Vasahnífur
1 Kveikjara (blautar eldspýtur eru ónothæfar)
1 GPS Forerunner + hleðslutæki
Heart Rate Monitor
Rafhlöður
5 Kort 1: 250.000
Ólar (til að festa farangur á bögglabera)
Plastdúkur t.d. 1x1metra (gæti reynst vel í fortjaldið á blautt gras eða sandi)
2 Eyrnatappa
Tannbursta /tannkrem
Plástur
Handáburður/Sjampó/sápa
Lyf/ Íbúfen/Strepsils
Naglaskæri/nál og tvinni
Varasalvi
GSM síma + hleðslutæki
Klósettpappír (gleymdir þú honum ekki síðast?)
Myndavél + minniskubba
Ipod

Garpar á ferð

Á reiðhjóli frá Reykjavik til Ísafjarðar og Flateyrar 28 maí til 5 júní 2005

Áfangi I; Reykjavík – Veitingask. Baulan ***Laugardagur 28-05 2005***

Brottfarardaginn vaknaði ég kl. 7.30 Þetta flotta veður, sólskin og hægviðri uþb 4-5° hiti. Rétt fyrir klukkan níu renndi Guðbjartur í hlað á nýja fáknum með ,,Orminn langa" full hlaðinn. Stuttu seinna lögðum við af stað. Það var mjög sérstök tilfinning að loks væri komið að brottför. Leiðin sem við fórum út úr bænum var eftir hjólastígnum upp Grafarvoginn og inná Vesturlandsveginn fyrir ofan Korpubrúna. Lítil umferð var á Vesturlandsveginum til að byrja með og var fyrsta stopp á bílastæðinu undir Esju.

Veðrið var meiri háttar gott sólskin og logn. Eftir stutt stopp hjóluðum við að Hvalfjarðar-göngunum og vorum þar um kl. 11 Stuttu áður en við komum þangað hringdum við í Ásu sem kom á Patrolnum og skutlaði okkur í gengum göngin. Hjólin voru hengd á þar til gerða hjólagrind sem fest var á dráttarkúluna á bílnum. Á leiðinni í gegnum göngin heyrðum við háan hvell sem við áttuðum okkur ekki á hvaðan kom. Héldum við að við hefðum keyrt yfir kókflösku eða eitthvað álíka. Þegar við stoppuðum á stæðinu fyrir ofan gangnamunnann kom í ljós að framdekkið á hjólinu hjá mér var sprungið. Það hafði legið beint fyrir aftan púströrið á bílnum og ekki þolað hitann frá því. Höfðu bæði dekkið og slangan bráðnað í hitanum frá útblæstrinum.

Það var því lán að ég hafði tekið með mér bæði slöngu og varadekk og var skipt um hvort tveggja í snarheitum. Þar fóru því bæði varadekkið og varaslangan og það á fyrsta hluta ferðarinnar. Áður en við lögðum af stað hafði ég keypt mjög vönduð Kevlardekk og sett undir. Dekk sem kostuðu 5.000 kall stykkið. Jæja

svona er það bara. Um kl. 13 hjóluðum við af stað frá bílastæðinu eftir að hafa raðað í okkur orkuríkum mat.

Umferðin hafði þyngst mjög mikið og átti eftir að verða enn þyngri þegar leið á daginn. Aksturslag margra ökumanna var slíkt að við höfðum það oft á tilfinningunni að ökumenn virtu rollur meira en okkur hjólreiðamenn. Þeir hægja á sér þegar þeir sjá rollur en ekki þegar þeir sjá hjólreiðamenn. Þegar bílarnir fóru framúr okkur var ekki verið að hafa fyrir því að hægja aðeins á sér og halda góðri fjarlægð. Í stað þess eru þeir á svo mikilli ferð og svo nálægt að við hendumst út í kantinn í loftfrákastinu frá bílunum og drögumst svo inn á veginn aftur í soginu sem myndast fyrir aftan hann. Við erum þess vegna í stór hættu þegar stórir bílar þ.e. jeppar, húsbílar og flutningabílar æða framhjá stundum í innan við eins meters fjarlægð. Það er líka mjög óþægilegt þegar bíll fer framúr okkur á sama tíma og hann er að mæta öðrum bíl. Auðvitað sjá ökumenn það hvort þeir muni mæta bíl um leið og þeir eru samsíða okkur. Sama tillitsleysið á sér stað þegar ökumaður sem er að fara fram úr okkur verður fyrir því að ökumaður annars bíls (sem er fyrir aftan hann) reynir á sama tíma að troðast framúr honum. Rýmið sem hjólreiðamönnum er gefið á götunni er því ekki neitt. Hugsunarleysi ökumanna og virðingarleysi þeirra gagnvart hjólreiðamönnum er algjört og er full þörf á að vekja athygli á þessu vandamáli. “Ágætu ökumenn, verið eins langt frá hjólreiðamönnum og þið mögulega getið þegar þið farið framúr þeim og hægið ferðina. Það sama gildir þegar þið mætið þeim”.

Lagt í hann frá Hvalfjarðargöngunum

Vegna þessa leiðinda aksturslags höfðum við Guðbjartur langt bil á milli okkar til þess að forðast að lenda báðir í óhappi ef illa færi.

Við stoppuðum við Leirá hjá Sláturhúsinu og fengum okkur að borða. Svo lögðum við okkur á eftir í góða veðrinu og vonuðum að umferðin yrði eitthvað minni þegar við legðum af stað aftur. Því miður var ekki svo. Um kl 17 komum við í Borgarnes og var þá loks farið að draga úr umferðinni. Í afgreiðslunni á Esso stöðinni þar komust ég í tölvu og gat skrifað aðeins á bloggið, þar sem ég m.a. lýsti skoðun minni á framkomu ökumanna gagnvart hjólreiðamönnum. Vonaði ég að þeir sem læsu það myndu taka tillit til þess og aka varlegar. Ekki var farið að bera á neinni þreytu hjá okkur og vorum við ánægðir með hvað við vorum hressir. Á leiðinni frá Borgarnesi var fyrsti hluti ferðarinnar sem okkur fannst við vera í námunda við náttúruna þar sem við mættum fáum bílum og lítið var um framúrakstur. Gekk okkur vel upp í Veitingaskálann Bauluna og vorum við komnir þangað um kl 20 og höfðum þá lagt að baki 80 km. Alla leiðina frá Reykjavík höfðum við fylgt reglunni sem við settum okkur varðandi hjartsláttinn þ.e. að hann mætti ekki fara mikið yfir 130 og kom það vel út. Vorum við hressir þó við hefðum verið á ferðinni í 11 klst.

Við Leirá

Í hjólaferð þarf oft að stoppa til að fá sér að borða, drekka, teygja sig og hvílast. Það verður til þess að maður tekur eftir umhverfinu og náttúrunni á annan hátt en út um bílglugga á 90 til 100 km hraða.

Það var tekið vel á móti okkur í Baulu. Starfsfólkið, sem reiknaði með að við værum útlendingar varð hissa þegar það heyrði að við værum íslendingar á leið til Ísafjarðar. Það bauð okkur að tjalda í ágætis garði bak við veitingastofuna.

Sögðu þau að okkur væri velkomið að nota alla aðstöðu í söluskálanum og fá aðgang að rafmagni til að hlaða græjurnar en það var einna mesta áhyggjuefnið.

Tjaldstæðið við Bauluna

Tjaldinu var slegið upp og vorum við komnir í pokana um kl 23. Þá var hitinn kominn niður í 3-4 gráður en sem betur fer var logn svo við fundum ekki fyrir kuldanum.

Borgarnes í baksýn

Áfangi II; Veitingask. Baulan – Sælingsdalur ***Sunnudagurinn 29-05 2005***

Við vöknuðum við fuglasöng uppúr kl 8. um morguninn eftir ágætis svefn. Það hafði verið vel þess virði að taka útblásnu dýnurnar með þó þær væru 2-3 kg hvor og 6-7cm þykkar. Við vorum því hvorki skakkir né stífir þegar við skriðum út í sólskinið. Settumst við út á pall bak við söluskálann og létum fara vel um okkur við ,,morgunverðarborðið". Lögðum við svo af stað uppúr kl. 11

Morgunverðaraðstaðan í Baulunni

Rétt um kl. 12 vorum við komnir í Hreðavatnsskála og náði ég þar sambandi við Internetið með Qtec handtölvunni með því að tengjast inná þráðlausa tölvunetið. Ég gat ekki skrifað beint inn á bloggsíðuna okkar þar sem vefaðgangurinn lokaði fyrir aðgang að erlendum vefsíðum, en www.rekis.blogspot.com er ein slík Ég skrifaði því smá texta um framgang ferðarinnar og sendi til Ásdísar dóttur minnar sem ætlaði að sjá um að koma textanum á bloggsíðuna okkar en hún er þrautþjálfaður bloggari.

Sem betur fer var lítil umferð var frá Baulunni að Hreðavatnsskála. Miklar vegaframkvæmdir voru í gangi þar og hefði verið mikið ryk á veginum ef umferð hefði verið meiri. Við gátum okkur þess til að það væri líklega vegna þess að allir sem voru að flýta sér í gær væru annað hvort ekki vaknaðir eða of timbraðir til að keyra. Í Hreðavatnsskála var nokkuð af fólki sem skildi ekki alveg af hverju við værum svona útbúnir með kerru aftan í hjólunum og svoleiðis. Þegar það heyrði að við vorum landar á leið til Ísafjarðar þá vorum við spurðir meira í gríni en alvöru "hvort það væri ekki allt í lagi með okkur" eða "hvort það væri eitthvað að

heima hjá okkur". Það hafði staðið til að safna styrktaraðilum til þess að hafa upp í kostnað vegna ferðarinnar. Ekkert hafði gengið hjá mér að safna styrkjum en mun betur hjá Guðbjarti. Hann var þess vegna með tvö auglýsingaspjöld fest á vagninn og hjólið hjá sér. Annað spjaldið var frá Sparisjóði Vestfjarða, frekar óspennandi miðað við hitt sem var frá smokkaframleiðandanum DUREX. Guðbjartur hafði komið DUREX auglýsingaspjaldinu haganlega fyrir á stönginni á hjólinu og þar stóð "Með Durex á milli fótanna" Rútubílstjóri sem þarna var staddur spurði Guðbjart ,,hvaða vara er þetta DUREX sem þú ert að auglýsa þarna á stönginni"?. Þegar honum var sagt það þá dæsti hann og tilkynnti okkur hreykinn að "hann hefði nú aldrei notað svoleiðis dót".

Bloggað í Hreðavatnsskála

Það var létt að hjóla frá Hreðavatnsskála að gatnamótunum við Dalsmynni. Þegar þangað kom hjóluðum við aðeins upp í heiðina (Dalsheiðina) eða Bröttubrekku eins og flestir þekkja hana. Þar fórum við út af veginum og fengum okkur að borða til að hafa næga orku fyrir átökin upp heiðina. Heiðin er eins og nafnið gefur til kynna mjög brött sem þýðir um 350m hækkun á 2km kafla.

Okkur hafði staðið stuggur af leiðinni upp heiðina en þegar til kom reyndist hún auðveldari en við höfðum haldið. Ekki er þó hægt að halda því fram að ferðin upp hafi verið auðveld. Höfðum við gert ráð fyrir að þurfa að leiða hjólin mestan part leiðarinnar en þegar til kom gátum við hjólað mest alla leiðina. Þegar við vorum að taka pásu efst á Bröttubrekku og undirbúa ferðina niður renndi að okkur bíll og var þar kominn Guðmundur frændi Guðbjarts, á leið vestur. Hafði hann lesið frétt um ferð okkar á vefsíðu Bæjarins besta http://www.bb.is/?PageID=141&NewsID=55252 en Magni bróðir hafði látið þá á

blaðinu vita að við værum á ferð og sent þeim upplýsingar um bloggsíðuna okkar.

Það var minni ferð á okkur niður í Dalina en við höfðum vonast til sökum mótvinds sem gerði okkur lífið leitt alla leiðina í Búðardal. Þegar við áttum eftir um það bil 5-10 km í Búðardal var rasssæri farið að hrjá okkur allverulega og þurftum við oft að stoppa og taka pásu . Þegar við komum í Búðardal var klukkan orðin rúmlega sjö. Við höfðum gert ráð fyrir að við gætum keypt ýmislegt matarkyns en komum þá að lokuðum dyrum verslunarinnar. Eftir að hafa kíkt á flesta glugga sjoppunnar og bankað á þá tókst okkur að lokum að ná athygli konu sem var að skúra búðina. Hún hafði samband við búðareigandann sem kom og opnaði fyrir okkur og fleira fólki sem var í sömu erindagjörðum og við. Birgðum við okkur upp af orkuríkum mat og tókum stefnuna í Sælingsdal þar sem við ætluðum að tjalda. Í Sælingsdal er þessi fína sundlaug og hafði okkur hlakkað til að skella okkur í hana en við komumst að því að skólastarf var enn í gangi og ekki búið að opna staðinn fyrir ferðamenn. Baðið varð þess vegna að bíða aðeins. Það hafði lægt mikið þegar við lögðum í hann frá Búðardal og skein sólin á okkur endrum og eins á leiðinni og var Hvammsfjörðurinn fallegur á að líta. .

Brattabrekka að baki

Við komum í Sælingsdal um kl 21.30 og var ég þá orðinn nánast orkulaus. Líklega hef ég ekki borðað réttan mat, ekki nógu mikið af honum eða ekki nægjanlega oft. Guðbjartur var aftur á móti í fínu formi. Þó við hefðum stoppað nokkuð oft þá virðist eins og það fæði sem ég borðaði ekki hafa verið rétt. Orkuduft sem við blönduðum út í vatn kom sér að vísu vel en ég hef fundið að

þegar ég drekk mikið af því þá verð ég slappur daginn eftir. Orsakast það af því að við auknu sykurmagni bregst líkaminn við með því að framleiða meira insulin sem veldur of lágu sykurmagni í blóðinu daginn eftir. Hugsanlega er þetta orsökin fyrir því hvernig mér leið því ég hafði drukkið nokkuð af orkublöndunni deginum áður.

Það er mjög mikilvægt í ferðum þar sem allt ferðalagið byggir á eigin orku að skipuleggja matar- og hvíldartíma vel og halda þær tímasetningar sem maður hefur sett sér. Gera ekki eins og við gerðum stundum að borða og hvíla okkur þegar við vorum búnir að leggja að baki ákveðna vegalengd. Hvenær maður er búinn að fara ákveðna vegalengd er háð mörgum þáttum. Í hjólaferð skiptir vindátt og vindstyrkur einna mestu máli og svo hve vegurinn er greiðfær. Brekkur og hæðir skipta minna máli því þær eru oftast ekki svo langar né brattar og svo rennur maður oftast létt niður hinu megin.

Tjaldstæðið völdum við á gömlu túni austan megin við veginn rétt eftir að komið er framhjá afleggjaranum að Sælingsdalsskólanum. Þá vorum við búnir að hjóla 160km á tveim dögum og vorum við mjög sáttir við framgang ferðarinnar. Strax var farið að borða og ætlaði ég að fá mér brauð með hnetusmjöri í forrétt en mér tókst ómögulega að borða það. Mér hefur alltaf fundist hnetusmjör vont en þar sem Maggi Bergs hjólreiðamaður Íslands hafði sagt að það væri eitthvað það þægilegasta og orkuríkasta fæði sem hægt væri að hafa með í hjólferðum hafði ég ákveðið að reyna að þræla því í mig. Ekki tókst betur til en svo að ég fékk hálfgerða velgju af því og gaf ég Guðbjarti krukkurnar sem ég var með og ákvað að smyrja sneiðarnar í staðinn með aðeins þykkra lagi af smjöri. Svo eldaði ég tvöfaldan skammt af núðlusúpu fyrir okkur. Það fer mikill tími í stússið á tjaldstað í svona ferðalagi því ganga verður vel frá öllu þar sem óvíst er hvernig veðrið verður um nóttina eða daginn eftir. Vorum við komnir í pokana um miðnætti.

Garpar á ferð

Á reiðhjóli frá Reykjavik til Ísafjarðar og Flateyrar 28 maí til 5 júní 2005

Tjaldstæðið í Sælingsdal

Áfangi III; Sælingsdalur – Bjarkarlundur ***Mánudagurinn 30-05 2005***

Ég vaknaði eldsnemma við háveran fuglasöng en tókst að sofna aftur. Það var sama góða veðrið og í gær og ekkert mál að elda og borða úti í blíðunni. Hitinn ca 4-7° logn, en ekki alveg heiðskýrt. Við lögðum af stað um kl. 10. Vegurinn sem við tók yfir Svínadalinn er ómalbikaður og var hann frekar grófur og myndaðist þó nokkuð rykský frá bílunum sem við mættum. Vindurinn var á móti okkur alla leiðina að Skriðulandi og stoppuðum við þar á bensínstöðinni. Á fjölmörgum ferðalögum vestur hef ég aldrei áður stoppað í veitingastofunni í Skriðulandi. Þar tók á móti okkur tók mjög brosmild og innileg stúlka sem fannst við voðalega sniðugir að nenna þessu hjóliríi. Það var minnsta mál að fá að setja allar græjurnar í hleðslu og þar sem kokkurinn var fyrir sunnan þá hitaði hún samlokur fyrir okkur og lagaði kaffi.

Garpar við Skriðuland

Við stoppuðum þarna í um það bil tvo tíma og var Qtek græjan tekin fram og skrifaðar nokkrar línur til að koma á bloggið. Þarna voru fyrstu myndirnar líka sendar á bloggið en lesendur höfðu kvartað undan því að engar myndir væru komnar.

Það var komið logn þegar við fórum frá Skriðulandi og heiðskírt. Gilsfjörðurinn var nánast spegilsléttur og á leiðinni yfir þverun fjarðarins keyrði Ingibjörg frænka fram á okkur. Hún var á leið í sumarbústaðinn í Langadalnum með Oddnýju vinkonu sinni í afslöppunarferð. Anna Lóa systir (mamma Ingibjargar) hafði sagt þeim að við værum á leiðinni vestur og buðu þær okkur í mat þegar við kæmum í Langadalinn. Í Kaupfélaginu í Króksfjarðarnesi var stoppað og fengum við okkur ís. Fannst okkur við þurfa að

fá kælingu í góða veðrinu. Mjög fallegt útsýni er af hálsinum þar sem Kaupfélagið er og sést vel út yfir Breiðafjörðinn þaðan. Við höfðum ákveðið að gista í Bjarkarlundi um nóttina. Í Króksfjarðarnesi hringdum við í Hótel Bjarkarlund til að panta herbergi en var okkur þá tjáð að þar væri allt fullbókað, nokkuð sem við höfðum ekki átt von á. Við yrðum þá bara að vera eina nótt til viðbótar í tjaldinu. Veðrið á leiðinni úr Króksfjarðarnesi í Bjarkarlund var meiriháttar og ekki spillti umhverfið. Lítil umferð var og rúlluðu hjólin þangað nánast sjálf.

Það er friðsælt í Reykhólasveitinni

Þegar við komum í Bjarkarlund nenntum við ekki að elda og pöntuðum okkur hamborgara með frönskum, sósu og salati. Eitthvað hafði kokkurinn misstigið sig við eldunina en hvað um það. Þegar við vorum að borða kom hótelstýran og spjallaði við okkur. Fljótlega kom ættfræðikunnátta Guðbjarts að góðum notum. Hann komst að því að hún var ekki svo fjarskyld honum og með jafn mikinn áhuga á ættfræði og hann sjálfur. Spjölluðu þau mikið saman um fjarskylda ættingja og fannst henni að hún gæti ekki úthýst ættingja sínum. Því fengum við inni í sumarbústað sem er við hliðina á Hótelinu en hann er aðallega notaður fyrir rútubílstjóra sem aka hópum sem kaupa gistingu á Hótelinu. Þar var fyrir einn rútubílstjóri á ferð með 20 til 30 10 ára krakka og 4 kennara í skólaferðalagi. Hann sagði að það væri mjög líflegt og aðdáunarvert hvernig kennararnir gætu stýrt liðinu. Það var gott að vera í húsi eftir tvær nætur í tjaldi svo ekki sé talað um að komast í sturtu

eftir þriggja daga hjólferð. Dagleiðin þennan dag var 45 km og var ágætt að hún var ekki lengri því veðrið var svo gott og umhverfið fallegt.

Alla leiðina höfum við passað að púlsinn fari ekki yfir 130 slög á mínútu og kemur það mjög vel út. Við erum ekki neitt þreyttir aðallega aumir af að sitja á hnakknum.

Í öllum hristingnum á malarveginum í Svínadalnum tapaði ég einum vatnsbrúsa af þrem. Þannig að ef einhver finnur hvítan vatnsbrúsa þar þá á ég hann.

Fyllt á tankana fyrir Bröttubrekku.
Fjallið Baula í baksýn

Það var hér, við rætur Bröttubrekku þegar Guðbjartur var á ferðalagi með fjölskylduna sumarið 1978 sem hann hóf að kenna afkomenunum fluguveiðar. Þær fólust í því að taka tappan úr kókflösku, hella slatta af kóki í hann og setja á stein. Bíða svo rólegur þar til hunangsflugurnar komu að fá sér sopa. Ekki þurfti að bíða lengi og var fljótlega mikið fjör í kringum tappann. Þetta vakti að sögn mikla lukku og furðu hjá smáfólkinu.

Áfangi IV; Bjarkarlundur – Langidalur ***Þriðjudagurinn 31-05-2005***

Mjög gott veður var, logn en skýjað, þegar við lögðum af stað um morguninn. Mjög sérstök tilfinning er að hjóla af stað með allt sitt hafurtask í eftirdragi. Sérstaklega þegar allir aðrir ,,fljúga" framhjá í bíl og hverfa strax sjónum bak við næstu hæð eða beygju. Það tók ekki langan tíma fyrir okkur að hjóla að Kollabúðum en það heitir bærinn sem er innst í botni Þorskafjarðar.

Lagt af stað frá Bjarkarlundi

Leiðin upp á heiðina er brött, löng og laus í sér (enda malarvegur) þannig að við leiddum hjólin upp á fyrsta hjallann. Okkur hafði verið sagt að vegurinn yfir heiðina væri mjög blautur en hann hafði verið opnaður í vikunni á undan. Þar sem við vorum með þunga vagna í eftirdragi og vegurinn gljúpur gerðum við ráð fyrir að vagnarnir og hjólin (með sín mjóu dekk) myndu sökkva eitthvað í veginn.

Við höfðum þess vegna rætt að gott væri að létta vagnana með því að koma einhverju af farangrinum á bíl sem væri að fara vestur. Við ákváðum því að stoppa fyrsta bíl sem drægji okkur uppi og athuga hvort það gengi ekki að hann tæki hluta farangursins upp á háheiðina þar sem Sæluhúsið er. Þegar við vorum komnir u.þ.b. hálfa leið upp fyrstu brekkuna hitti svo vel á að Sæmi málari frá Ísafirði dró okkur uppi. Var hann á leiðinni vestur og var það ekki nema velkomið af hans hálfu að taka hluta af dótinu okkar til að létta vagnana. Hann bauðst til að taka dótið með alla leiðina í bústaðinn í Langadal en okkur fannst það vera nógu mikið svindl að hann færi með það að Sæluhúsinu. Það eru um 15 km frá botni Þorskafjarðar að sæluhúsinu og hækkunin er um 515 m. Hver smá hæðin tók við af annarri og héldum við alltaf að sú næsta væri sú síðasta. Hitinn var þá ca 3-4 ° og nokkur vindur í bakið sem létti undir. Það var lítil umferð á heiðinni og mættum við fáum á leiðinni. Það tók okkur um tvo tíma að komast í sæluhúsið.

Þorskafjörðurinn og Vaðalfjöll í bakgrunni

Þar var auðvitað dótið okkar og þökkum við Sæma kærlega fyrir aðstoðina. Við fórum inn í skálann sem var ólæstur og sáum að hann er innréttaður á skemmtilegan hátt. Þegar komið er inn er ágætis anddyri og hurð inn í aðalsalinn sem er með háalofti. Þar er kolaeldavél sem er illa farin. Kojurnar á neðri hæðinni er hægt að leggja niður með veggjunum þegar þær eru ekki í notkun. Eins er hægt að leggja setbekkina niður til að skapa meira gólfpláss fyrir t.d. dýnur.

Skálinn er illa farinn og furða að hann skuli enn standa þar sem ekkert viðhald virðist vera á honum. Úti við gluggan á gaflinum gengt hurðinni var borð og

bekkur og var þar lúin gestabók og nokkur sprittkerti. Ekki man ég hver hafði verið á ferð á undan okkur en við settumst niður og fengum okkur að borða. Eftir matinn lögðum okkur á eftir á bekkina í um það bil klukkustund.

Það er synd hvað er mikill sóðaskapur í kringum skálann. Þarna lágu barnableyjur, sígarettustubbar, mannasaur og pappírsrusl út um allt. Ömurlegt að sjá þetta í okkar ,,hreina landi”.

Eins og áður sagði höfðum við frétt að vegurinn yfir heiðina væri mjög blautur en

Við skálan á Þorskafjarðarheiði

þegar til kom var hann ágætur. Það hefði vafalaust mátt opna veginn mun fyrr þar sem mjög lítill snjór var á honum einungis tvö eða þrjú snjóhöft. Eftir ágæta hvíld í sæluhúsinu renndum við inn á Steingrímsfjarðarheiðina. Með matar- og hvíldartíma tók ferðin frá Bjarkarlundi að gatnamótunum á Steingrímsfjarðarheiðinni um 4klst. Þar sem þessir fínu vegvísar eru á gatnamótunum ákváðum við að taka mynd af okkur með þá í baksýn. Þegar við vorum að undirbúa myndatökuna kom ungt par akandi á bíl á suðurleið. Við stoppuðum þau og var lítið mál að fá þau til að taka mynd af okkur. Það rifjaðist upp fyrir þeim að þau höfðu séð frétt um ferð okkar á fréttavef bb. Þau sögðu að í fréttinni væri talað um hjólaferð tveggja miðaldra manna frá Reykjavík til Ísafjarðar.

Á Steingrímsfjarðarheiði

Þó það hefði komið fram í fréttinni hvað við hétum þá mundu þau það ekki en sögðust aftur á móti muna hvað við værum gamlir. Þau renndu svo í burtu á sínum mótorfáki og skildu okkur gamlingjana eftir á hjólunum.

Ský hafði dregið fyrir sólu og kólnaði nokkuð við það. Við höfðum hlakkað til að renna þessa 19 km sem eftir voru niður í Ísafjarðardjúpið á malbikuðum veginum. Sú varð ekki raunin. Mikill mótvindur var alla leiðina og þurftum við að stíga hjólin hraustlega til að halda almennilegri ferð. Okkur fannst mikill munur á aksturslagi margra bílstjóra sem við mættum eftir að við komum inná Steingrímsfjarðarheiðina og áfram til Ísafjarðar. Þökkuðum við það athugasemdunum sem við settum á bloggið í Borgarnesi og BB hafði sett á vefinn hjá sér. Seinna sáum við að Mogginn og Fréttablaðið höfðu sagt frá því líka svo það var ekki nema von. Framkoma bílstjóra var að mestu til fyrirmyndar hér eftir.

Afslappaðar vinkonur

Um kl. 17 komum við í bústað Önnu Lóu og Gulla í Langadal en hann er um 4km frá Djúpveginum. Við bönkuðum uppá hjá Ingibjörgu og Oddnýju og var tekið vel á móti okkur. Ingibjörg hafði eldað þennan fína mat fyrir okkur og gerðum við honum góð skil. Höfðum við áhyggjur af því að éta þær út á gaddinn en þær sögðu að við þyrftum ekkert að vera hræddir um það, Anna Lóa hefði varað þær við. Anna Lóa hafði séð til þess að við fengum inni í bústað Þorleifs Pálssonar sem er þarna rétt hjá. Við lögðum okkur þar eftir matinn og dormuðum til kl. 10 Þá skruppum við aftur í mat til Ingibjargar og var nóg til af góðum mat á þeim bænum. Þær vinkonur voru hressar og skemmtilegar og sátum við og spjölluðum í smá tíma. Sögðust þær vera í afslöppun eftir stress vetrarins sem orsakaðist af tónlistarkennslu, eiginmönnum og börnum.

Í dag hjóluðum við 54 km og var það erfiðasti hluti leiðarinnar til þessa. Leiðin sjálf var erfið og svo var þetta fjórði ferðadagurinn okkar. Það má því gera ráð fyrir að það hafi gætt einhverrar uppsafnaðrar þreytu hjá okkur. Ekki frekar en fyrri daginn var hægt að ná GSM sambandi svo lítið var hægt að blogga. Í bústaðnum hjá Þorleifi komumst við í NMT síma og hringdi ég í Ásdísi og gaf ég henni stutt rapport sem hún setti á vefinn.

Garpar á ferð

Á reiðhjóli frá Reykjavik til Ísafjarðar og Flateyrar 28 maí til 5 júní 2005

Á Þorskafjarðarheiði

Mig minnir að það hafi verið í ferð okkar Ásu og stelpnanna vestur í kringum 17. júní 1982 sem við fórum Þorskafjarðarheiðina. Þá var snjór yfir öllu og keyrðum við í djúpum snjógöngum yfir alla leiðina.

Áfangi V; Langidalur – Skarðseyri ***Miðvikudaginn 1-06-2005***

Það var góður andi í bústaðnum hans Þorleifs og vöknuðum við hressir og úthvíldir um kl 9. Þökkum við Þorleifi og frú kærlega fyrir lánið á bústaðnum. Við fórum í morgunmat hjá Ingibjörgu og vinkonu hennar áður en við lögðum af stað. Þökkum við þeim kærlega fyrir okkur og vonum að við höfum ekki truflað afslöppunina. Heldur var þungbúið þegar við lögðum í hann en lygnt og sæmilega hlýtt. Þegar við vorum komnir að baðhúsinu í Gervidal um kl. 13 (eftir 20km ferð) var farið að rofa til og komið þetta fína veður. Fjörðurinn var spegilsléttur og spegluðust fjöllin og skýin í sjónum. Kollurnar busluðu í flæðarmálinu og Lóan söng sitt "dirrin dí" uppi í hlíðinni. Það var svo afslappandi að hjóla inn fjörðinn að ég tók ekki eftir því fyrr en við fórum af hjólunum við baðhúsið að ég hafði týnt síðbuxunum sem ég hafði sett ofan á töskuna á hjólinu. Mest alla leiðina höfum við hjólað í stuttbuxum þar sem það er mun þægilegra því það næst mun betri kæling. Var ég í sérstökum hjólabuxum með svamp rassbót sem gerði að mér leið alveg þokkalega í botninum. Frekar kalt hafði verið þegar við lögðum af stað frá bústaðnum og reiknaði ég alveg eins með að þurfa að nota síðbuxurnar ef það hvessti. Þegar ég var að hugsa um að snúa við og leita þeirra sáum við bíl á leiðinni inn fjörðinn og ákváðum að stoppa hann og spyrjast fyrir hvort þeir hefðu nokkuð séð brækurnar góðu á veginum! Eins fáránlegt og það var nú. Þegar bíllinn kom nær sáum við að þetta voru Ingibjörg

Við baðhúsið í Gervidal

og Oddný sem voru þarna á ferðinni og með brækurnar með sér. Þær höfðu verið á leiðinni til Hólmavíkur (líklega að byrgja sig upp af mat eftir átið á okkur) og fundið buxurnar rétt við bústaðinn. Mikið lán það. Framvegis verður maður að muna að festa hlutina betur niður og ekkert slugs þar.

Eins og áður sagði var komið þetta fína veður sólskin og logn. Við skelltum okkur í pottinn sem var alveg passlega heitur og dormuðum þar í smá tíma og fórum svo í smá sólbað. Það er mikill lúxus að hafa heitan pott rétt við vegkantinn til að hressa sig við. Við ætluðum varla að nenna af stað aftur okkur leið svo vel. Mjög þægilegt er að hjóla inn Ísafjörðinn vegurinn allur malbikaður og gefa lágar hæðir og ásar leiðinni skemmtilega tilbreytingu. Rétt áður en við komum að afleggjaranum upp á Hestakleifina tókum við eftir mjög stórum sel sem lá í fjörunni. Við gengum niður að kletti sem hann lá undir en hann hreyfði sig varla þó hann yrði okkar var. Það var auðsjáanlega eitthvað að honum greyjinu.

Við baðhúsið í Gervidal

Þegar við vorum komnir langleiðina upp á Hestakeifina yfir í Mjóafjörð stoppaði hann hjá okkur pallbíll af stærri gerðinni, Ford 350 með pallhýsi og kerru aftan í. Eitthvað fum kom á okkur þegar rúðunni okkar megin var rennt niður og okkur boðið far yfir heiðina og vissum við ekki alveg hvernig við ættum að svara svona óvæntu boði. Bílstjórinn var augsýnilega mjög mannglöggur því hann þekkti Guðbjart um leið og hann sá hann þó hann væri með reiðhjólahjálminn á hausnum. Í ljós kom að bílstjórinn var frá Flatreyri og kannaðist við Guðbjart og hans fólk langt aftur í aldir að ég held. Þetta var feiki hress náungi sem vann í

Reykjanesi og þurfti að skreppa til Ísafjarðar. Það var ekkert fum lengur á Guðbjarti og farið snarlega þegið en ekki lengra en að Sæluhúsinu á háheiðinni (345m). Það fannst bílstjóranum hálf skrítið en ok. það var okkar vandamál að vilja ekki fara lengra með honum. Þarna gafst Guðbjarti kostur á að testa ættfræði kunnáttuna enn frekar og ræddu þeir mikið. Okkur leið samt hálf illa að hafa þegið farið en bílstjórinn sem mig minnir að hafi heitið Jói lofaði okkur því að hann myndi ekki segja neinum frá svindlinu. Renndum við okkur niður heiðina sem er mjög gróf og lá við að tennurnar losnuðu á leiðinni niður svo mikill var hristingurinn. Þegar við komum niður vorum við orðnir hálf dofnir í höndunum. Ég hafði verið með lítinn iPod Shuffle með í ferðina sem ég stakk í buxnastrenginn þar sem engir vasar eru á hjólabuxunum. Hafði ég oft hlustað á hann á leiðinni þ.e. þegar hann var ekki rafmagnslaus. Það er ótrúlega gott að vera með músík í eyrunum þegar maður er að hjóla. Þá finnst manni það að stíga pedalana bara vera gert til þess að halda taktinum. Vegna hristingsins niður Hestakleifina voru heyrnartólin alltaf að detta úr eyrunum og snúrurnar úr þeim að flækjast fyrir mér. Ég vatt því heyrnartólunum utanum iPodin og stakk öllu saman í buxnastrenginn. Ég tók svo eftir því þegar við vorum komnir langleiðina út Mjóafjörðinn að ég hafði týnt öllu saman, iPodinum og heyrnartólunum. Ég nennti ómögulega til baka en ákvað í stað þess að hringja Önnu Lóu þegar ég næði GSM sambandi næst og biðja hana að kíkja eftir

Laugin í Gervidal

honum fyrir mig en þau áttu leið um daginn eftir. Þórdís og Dúddi kíktu líka eftir honum en iPodinn hefur aldrei fundist. Okkur leið ágætlega að öðru leiti en því að ég var farinn að sólbrenna á kálfunum og Guðbjartur var orðinn eitthvað ósáttur við hnakkinn á hjólinu. Ekki furða að hann væri ósáttur því hann var með örmjóan hnakk sem ég hafði fengið með hjólinu mínu og gefist upp á.

Þetta var allt alvöru hjá Jóa

Á Ögurnesi komumst við loks í GSM samband og settumst við niður fyrir utan veginn í blíðunni og gat ég þar sent texta og myndir til Ásdísar sem setti þær síðan á bloggsíðuna. Frá Ögurnesi er stutt (8km) inn á Skarðseyri þar sem bústaður Þórdísar og Dúdda er og vorum við snöggir þangað enda orðnir svangir.

Bloggað í Ögurnesi

Þegar þangað kom hófst leitin að lyklinum að bústaðnum. Það er óhætt að segja að það er ekki fyrir hvaða skussa sem er að finna hann ef hann er ekki með leiðbeiningar frá eigendum. Þegar inn var komið kíktum við hvort ekki væri til eitthvað ætilegt þar sem við vorum orðnir ansi leiðir á brauði og flatkökum eftir daginn. Auðvitað minnugir kræsinganna hjá Ingibjörgu deginum

áður. Fundum við pasta, sólþurrkaða tómata og G-Rjóma ofl svo ég eldaði þennan fína pastarétt (eða það fannst okkur) á nýju gaseldavélinni. Drykkjarföngin voru ekki af verri endanum því við fundum gæða rauðvínsflösku í reiðuleysi og komum skikki á hana enda þyrstir eftir ferðalagið. Okkur leið bara fjandi vel eftir matinn og vínið. Það er mikill léttir eftir að hafa verið úti allan daginn að komast í skjól fyrir vindinum.

Vegalengdin sem hjóluð var í dag var tæplega 80 km.

Eldað, matast og drukkið á Skarðseyri

Afangi VI; Skarðseyri – Svarfhóll ***Fimmtudagurinn 2-06-2005***

Við vöknuðum um morguninn á þessum vanalega tíma uppúr kl. 9 eftir ágætis svefn. Það var að vísu var nokkuð kalt um nóttina og hefur hitinn úti ábyggilega farið niður undir frostmark. Heiðskýrt var og 4 til 6 stiga hiti en ansi hvasst út fjörðinn. Þar sem við vorum á leið inn Skötufjörðurinn sem er með lengri fjörðum ákváðum við að bíða fram undir hádegi til að sjá hvort ekki myndi lægja eitthvað.

Bústaður Þórdísar og Dúdda á Skarðseyri

Um 12 leytið hafði lægt mikið og fannst okkur ’ann vera að leggjast í lognið og drifum okkur af stað. Þökkum við Þórdísi og Dúdda kærlega fyrir lánið á bústaðnum og erum hrifnir af smekk þeirra á rauðvíni. Gerðum við okkur vonir um að við myndum ná að fara fyrir fjörðinn meðan vindurinn væri að snúa sér. Það var orðið sæmilega hlýtt upp úr hádeginu. Í botni fjarðarins lauk malbikinu og tók þar við einn versti kafli ferðarinnar. Vegna vegagerðar var þar ófrágenginn grjótharður malarvegur. Við sáum á skilti að framkvæmdum við veginn hefði átt

að ljúka um haustið 2004 en því hafði augljóslega seinkað. Á leiðinni út fjörðinn stoppaði bíll hjá okkur og stökk Óli Lúðvíks út úr honum, fjallhress. Hann var á leiðinni suður og létum við hann auðvitað taka af okkur mynd. Það var kvöð allra sem stoppuðu hjá okkur. Óla fannst við svaka flottir og duglegir og fór að afsaka sig fyrir það hvað hann væri latur að hreyfa sig. Við vorum mjög ánægðir með hrósið en gátum lítið sagt um hitt annað en hann ætti bara að fara að byrja á einhverju. Svo flýtti hann sér inn í bílinn enda orðið kalt og brunaði í burtu. Eftir stóðum við á stuttbuxum og einum bol og fannst okkur hitinn þægilegur enda var okkur heitt eftir átökin á hjólinu. Þegar við lögðum af stað frá Reykjavík höfðum við ákveðið að láta Garmin Forerunner tækin skrá niður (sjálfvirkt) alla ferla og hæðarlínur ásamt hjartslætti. Þar sem ekkert rafmagn er í bústaðnum hjá Þórdísi og Dúdda gátum við ekki hlaðið græjurnar þar. Við vorum því orðnir nokkuð stressaðir yfir því að plottun leiðarinnar myndi klikka vegna rafmagnsleysis en hleðsla hafði verið í Langadal. Við ákváðum því að leita ásjár hjá Kristjáni bónda á Hvítanesi við Skötufjörð og var sjálfsagt mál að fá að hlaða græjurnar hjá honum. Hann sagði okkur að hann hefði bjargað frönskum hjólreiðamanni innarlega í firðinum sl. haust. Gífurlega hvasst hefði verið og hafði frakkinn fokið tvisvar af út af veginum og ofan í fjöru. Fyrir tilviljun var hann á ferð þarna með syni sínum og hirtu þeir feðgar hann upp og var hann hjá þeim um nóttina. Hélt hann svo áfram daginn eftir og sagðist hann hafa fengið jólakort frá honum um síðustu jól. Það var ekkert svona fok vesen á okkur Guðbjarti. Við settumst bara út í sólina fengum okkur að borða og fórum að yfirfara teinana í gjörðunum (en við hefðum mátt muna eftir því að senda jólakort í Hvítanesið). Eftir allan hristinginn á grófum veginum út fjörðinn

Kristján í Hvítanesi

og þar áður á veginum í Hestakleifinni var farið að braka ansi mikið í hjólgjörðunum. Við athugun sá Guðbjartur að teinn í afturhjólinu var brotinn. Ekki var hægt að skipta um hann þar sem við vorum ekki með varateina. Bundum við lausa teininn fastan við annan tein og vonuðum að vegurinn batnaði fljótt. Þessi bilun ef bilun má kalla leiddi hugann að því hvað við höfðum verið heppnir með hjólin. Ekkert hafði komið uppá með þau hingað til, sjö, níu þrettán. Eftir rúmlega klukkustundar stopp í Hvítanesi héldum við af stað og skánaði vegurinn stuttu seinna og var ágætur alla leið til Ísafjarðar. Það er mjög þægilegt að hjóla Skötu- og Hestfjörðinn (þar sem malbikið er) því öll leiðin liggur nánast í flæðarmálinu. Þegar við komum uppá hæðina milli Hest- og Seyðisfjarðar var farið að hvessa og draga í loftið og kólnaði nokkuð við það. Létum við okkur renna niður brekkuna niður í botn Seyðisfjarðar og náðum við hátt í 60km hraða mest. Það er að vísu nokkuð glæfralegt að fara svona hratt á reiðhjóli með aftaní vagn og ákváðum við að láta slíkt flan eiga sig í framtíðinni.

Í Seyðisfirði mættum við Gulla sem var að fara með byggingatimbur í bústaðinn í Langadal. Hann sagðist hafa keypt fyrir okkur kjöt á grillið og fleira góðgæti eins og um var beðið og skilið það eftir í bústað Lilju og Braga sem er á Svarfhóli í Álftafirði en það var næsti náttstaður. Á Kambsnesinu var orðið ansi hvasst og kalt en við gáfum okkur tíma til að láta konu taka mynd af okkur en hún hafði stoppað til að hleypa dóttur sinni út úr bílnum. Sú stutta þurfti að sinna kalli náttúrunnar en þegar til kom vissi hún ekkert hvernig hún átti að bera sig að. ,,mamma ég kann þetta ekki ég hef aldrei pissað úti”

Gulli á leið í bústaðinn

Sem betur fer var vindurinn í bakið inn Álftafjörðinn sem er jafnvel lengri en Skötufjörðurinn. Á Kambsnesinu náðum við fyrst aftur GSM sambandi frá því í Ögurnesi og gátum við sinnt tilkynningaskyldunni þar. Dagleiðinni lauk innst í Álftafirði þar sem Lilja og Bragi ,,á Búinu" eiga sumarbústað og höfðum við fengið inni í honum um nóttina. Bústaðurinn er í landi Svarfhóls en það er ættaróðal Braga en enginn búskapur er þar lengur. Á tröppunum var innkaupapokinn frá Gulla sem í var grillkjöt, kartöflur, rauðvín og det hele. Lilja hafði látið okkur fá

Kalt og hvasst á Kambsnesinu. Álftafjörður og Súðavík með fjallið Kofra í baksýn

mjög góðar leiðbeiningar um það hvernig á að koma á hita og vatni. Það er mikill munur að haf góðar leiðbeiningar og þurfa ekkert að hugsa þegar maður kemur í ný húsakynni. Við vorum samt í einhverju veseni með að finna grillkryddið og endaði með því að ég bjallaði í Önnu Lóu sem var að fara í bústaðinn og átti þar af leiðandi leið framhjá. Kippti hún með sér því sem vantaði uppá og kom með til okkar. Hófst nú grillun og annað matarstúss. Létt verk var að ná tappanum úr vínflöskunni eftir að við höfðum fundið tappatogarann. Þessi fína sturta var í bústaðnum og nóg af heitu vatni og var það óspart notað þar sem við höfðum ekki komist í bað í tvo daga.

Lítið var hægt að blogga þar sem erfitt er að ná GSM sambandi innst í Álftafirði. Betra samband var úti en inni en þar sem frekar kalt var úti 1-2° sló ég smá texta inn í Qtec'inn inni og sendi hann ásamt myndum til Ásdísar sem setti það á Bloggið. Þökkum við Lilju og Braga kærlega fyrir að afnotin af bústaðnum. Það hefði orðið kalt að hýrast í tjaldinu um nóttina. Við hefðum auðvitað getað klárað túrinn og farið alla leiðina til Ísafjarðar en það var ekki rétta stemmingin. Við vildum renna inn í bæinn um miðjan dag og hitta vini og vandamenn á Silfurtorginu.

Vegalengdin sem hjóluð var í dag var um 80 km.

Kokkurinn að gera sig kláran í bústað Lilju og Braga á Svarfhóli í Álftafirði

Áfangi VII; Svarfhóll – Ísafjörður ***Föstudagurinn 3-06-2005***

Við höfum verið ótrúlega heppnir með veðrið hingað til og ekki var veðrið neitt öðruvísi þegar við vöknuðum. Þetta fína veður eins og vanalega. Höfum við ekki fengið á okkur nema í mesta lagi 10-12 regndropa suður í Bröttubrekku. Við höfum verið í stuttbuxum og einum bol (innan undir eiturgrængula sjálflýsandi vestinu) nánast alla leiðina.

Guðbjartur kíkti í heimsókn

Ótrúleg tilfinning var að hjóla frá Svarfhóli um kl 11 og vita að einungis væru 30 km eftir af ferðinni til Ísafjarðar. Ég var orðinn mjög slæmur af sólbruna á kálfunum en þar sem ekki hafði verið gert ráð fyrir því sólbruna vandamáli í ferðinni höfðum við ekki tekið með okkur neina sólarvörn. Við stoppuðum þess vegna í Kaupfélaginu svo ég gæti keypt mér sólarvörn sem ég bar strax á mig. Í Súðavík hringdi ég í Magna bróðir en hann var aðalreddari okkar á Ísafirði og ætlaði hann að smala móttökunefndinni saman á Ísafirði nánar tiltekið á Silfurtorgi kl. 15.00

Í Arnardal. Ísafjörður í baksýn

Í Súðavík notaði Guðbjartur tækifærið og bankaði uppá hjá öldnum frænda sínum, Sigurði Kristjánssyni (bræðrasynir) sem ætlaði ekki að þekkja hann fúlskeggjaðan og með hjálminn á hausnum. Við stoppuðum stutt í Súðavík enda komin

pressa á okkur að vera komnir til Ísafjarðar kl. 15.00. Þegar við komum að gatnamótunum að Ísafjarðarflugvelli mættum við rútu fullri af fólki og tókum við eftir að fararstjórinn sagði eitthvað við farþeganna og benti á okkur og klöppuðu þeir allir fyrir okkur þegar við mættumst. Fannst okkur það mjög skemmtilegt og gladdi okkur mikið.

Þar sem við vorum á undan áætlun stoppuðum við í Netagerðinni hjá Magna og var okkur boðið uppá kaffi. Vorum við síðan mættir á Silfurtorgið á mínútunni kl. 15.00 Þar tók á móti okkur fullt af góðu fólki; Magni og Svana, Þórdís, Örn Ingólfs, Eiríkur Finnur, Einar Oddur ofl ásamt Halldóri Sveinbjarnar frá BB sem kom og tók myndir.

Einar Oddur og Eiríkur Finnur sem eru náfrændur Guðbjarts buðu okkur í mat á Hótelinu og var það þegið með þökkum. Ótrúleg matarlist sem maður hefur.

Eftir matinn hjóluðum við í búðina hjá Önnu Lóu og gallaði ég mig upp þar sem ég hafði ekki tekið nein auka föt með mér.



Á Silfurtorgi

Þar náði Magni í okkur og skutlaði okkur heim til Önnu Lóu og Gulla. Höfðum við húsið út af fyrir okkur þar sem þau voru í bústaðnum í Langadal yfir helgina.

Við vorum svo heppnir að um kvöldið var Samskip með veislu fyrir helstu viðskiptavini sína á Hótel Ísafirði og gat Magni reddað okkur boðsmiða. Hver getur neitað slíku kosta boði? Í partýinu var þó nokkuð af fólki sem ég kannaðist við og var gaman að hitta. Þar fann Guðbjartur líka ættartengsl við nánast hvert borð svo ég held að honum hafi ekki leiðst mikið heldur. Alveg ágætis partý skemmtilegt fólk og góður matur. En við vorum ekki lengi í þessu ágæta boði þar sem við ætluðum að hjóla til Flatreyrar daginn eftir.

Garpar á ferð

Á reiðhjóli frá Reykjavik til Ísafjarðar og Flateyrar 28 maí til 5 júní 2005



Áfangi VIII; Ísafjörður – Bjarnadalur - Flateyri ***Laugardagurinn 4-06-2005***

Við vöknuðum frekar seint þennan seinasta hjóladag ferðarinnar. Ég ætlaði ekki að minnast á veðrið þar sem mér finnst það orðið hálf pínlegt að vera stöðugt að segja frá sama fína veðrinu áttunda daginn í röð. Alla leiðina frá Reykjavík var sem sagt engin tilbreyting í veðrinu svo ég held ég segi ekkert meira um það hér eftir. Áður en við lögðum af stað til Flateyrar renndum við til Grétu systur Guðbjarts en hún hafði boðið okkur í morgunmat. Í dag er ferðinni sem sagt heitið til Flateyrar með smá krók, sem er að koma við á Kirkjuból í Bjarnadal. Í stað þess að láta Magna skutla okkur í gegnum göngin ákváðum við að fara

Á Breiðadalsheiði (620m) Ísafjörður í baksýn

gömlu leiðina þ.e. yfir Breiðadalsheiði. Vorum við léttir á okkur þar sem við skildum vagnana eftir á Seljalandi hjá Magna. Í Kinninni var eitt smá snjóhaft sem við þurftum að fara yfir en annars mjög lítill snjór. Það var eitthvað annað þegar foreldrar Guðbjarts, Sturla og Guðjóna voru á ferð í Kinninni 15. nóv. 1941. Þau

komu á bíl frá Flateyri og ætluðu á Ísafjörð til að láta Sýslumanninn Torfa Hjartarson pússa sig saman. Þau höfðu ekki meiri trú á því að það væri fært en svo að þau höfðu beðið sýslumanninn að koma á móti þeim ef það væri ófært. Það fannst Torfa vera það minnsta sem hann gæti gert fyrir vin sinn hann Sturlu. Ekki komst bíllinn nema rétt upp í Kinnina og þangað kom Torfi. Klofaði hann yfir ófærðina á móti þeim. Þarna á háheiðinni fór fram gifting með pomp og prakt eða eins og það getur verið best við slíkar aðstæður. Guðbjartur var ekki alveg klár hvar þetta hafði verið nákvæmlega en tilfinningin vísaði honum á staðinn.

Giftingarstaður foreldra Guðbjarts

Gaman var að fara gömlu leiðina niður í Önundarfjörðinn og fórum við ,,Skógarbrekkurnar" þar sem við fundum þær.

Þegar við komum niður í Önundarfjörð hjóluðum við yfir fjörðinn í átt að Kirkjubóli. Þar hafði Guðbjartur verið í sveit í sex sumur hjá frændfólki sínu. Á Kirkjubóli var í kringum 1953-1955 tekin ein af merkari heimildarkvikmyndum um gamla búskaparhætti á Íslandi. Kvikmyndin sem Ósvaldur Knutsen tók heitir ,,Fráfærur",

og var aðalleikarinn í karlhlutverki enginn annar en Guðbjartur Sturluson þá 10-12 ára gamall. Mig minnir að Guðbjartur hafi sagt að allir hinir ,,leikararnir" hafi verið rollur og lömb. Á Kirkjubóli er nú rekið gistiheimili yfir sumartímann en enginn búskapur er þarna lengur. Ég man eftir því að hafa nokkrum sinnum komið á Kirkjuból með pabba þegar hann var að heimsækja vin sinn og flokksbróður Guðmund Inga Kristjánsson skáld og bónda. Ábúendur á Kirkjubóli núna eru einnig ættingjar Guðbjarts og var verið að setja niður þennan flotta tré hitapott við húsið þegar við renndum í hlað. Að góðum sið tóku ábúendur vel á móti frænda sínum og meðreiðarsveini hans og var okkur boðið í kaffi og þetta fína meðlæti.

Á hlaðinu á Kirkjubóli ásamt ábúendum

Eftir stutt stopp á Kirkjubóli hjóluðum við til baka og út á Flateyri. Á Flateyri eiga Guðbjartur og systkini hans, Gréta og Ebbi ágætis hús sem þau erfðu eftir foreldra sína, þetta er elsta húsið á Flateyri í dag, byggt 1870, og nota það sem sumarhús. Þar puntuðum við okkur og fórum í grillveislu sem Eiríkur Finnur og Gulla höfðu boðið okkur í daginn áður. Þar var tekið vel á móti okkur með góðum mat og víni og enduðum við í svaka partýi enda sjómannadagurinn. Hittum við þar Sigrúnu, konu Einars Odds og fórum með henni og fleirum á ball í félagsheimilinu. Sú samkoma minnti mig á gamla tíma og fannst mér lítið hafa breytst síðan maður var uppá sitt besta hérna í den. Fylgdum við svo frúnni heim á eftir eins og sannir sjéntilmenn og sátum þar og spjölluðum langt fram eftir nóttu. Vorum við ekki komnir í bólið fyrr en kl 5 um morguninn.

Garpar á ferð

Á reiðhjóli frá Reykjavik til Ísafjarðar og Flateyrar 28 maí til 5 júní 2005

Áfangi IX; Flateyri - Ísafjörður - Reykjavík ***Sunnudagurinn 5-06-2005***

Það var enginn geislandi hressleiki á okkur þegar við vöknuðum um tíu leitið um morguninn og vorum við hálf dasaðir. Okkur kom saman um að líklega hefðum við drukkið aðeins of mikið og verið aðeins of lengi að. Móttökurnar og matarboðið hjá Eiríki Finni og frú hafði verið mjög flott og partýið á eftir mjög skemmtilegt. Við höfðum alveg gleymt að hugsa til þess deginum áður að við þyrftum eitthvað að borða um morguninn. Til að seðja sárasta hungrið átum við sitt hvort Prins Pólóið og drukkum vatn með.

Magni kom og náði svo í okkur um kl. 14 og skutlaði okkur til baka til Ísafjarðar og gerðum við hjólin og vagnana klára til flutnings suður á túninu á Seljalandi. Við höfðum samið um það við þau Samskipsfólkið, Kristínu og Kristján, í föstudagspartýinu að við fengjum frían flutning fyrir hjólin suður með Samskipum. Síðan fórum við og vorum viðstaddir þegar Fauinn báturinn hans Magna var dreginn af Lödunni frá Netagerðinni og inn í fjörð og gerður klár til sjósetningar.

Flugum við svo suður seinni partinn og fannst okkur sú ferð vera auðveld og taka stuttan tíma miðað við ferðina vestur. Þökkum við Magna kærlega fyrir alla aðstoðina og gestrisnina.

Lokaorð

Þegar litið er til baka þá er ekki vafi á að þessi ferð og undirbúningur hennar líður seint úr minni. Margir hafa spurt hvort ferðin hafi ekki verið erfið en svarið er alltaf það sama að hún hafi verið skemmtileg. Á meðan á þjálfuninni stóð þá fórum við ósjálfrátt mörgum sinnum yfir leiðina vestur í huganum og sáum fyrir okkur allar hæðir og lægðir. Allar vangavelturnar um hvernig við ættum að þjálfa okkur, hvað við ættum að taka með og hversu langt við ættum að hjóla hvern dag gáfu ferðinni líka aukið gildi. Vissulega vorum við aumir í botnstykkinu á köflum og þurftum þess vegna að pústa vel en við vorum vel undir ferðina búnir bæði andlega og líkamlega. Við vorum líka ótrúlega heppnir með veðrið og allan aðbúnað þar sem við fengum inni og viljum við endurtaka þakklæti okkar til allra sem aðstoðuðu okkur meðan á ferðinni stóð.